

**Mannréttindaskrifstofa Íslands**  
**Laugavegi 7 - 101 Reykjavík**

Sími: 552 2720 - Fax: 552 2721 Netfang: icehr@humanrights.is

**Allsherjarnefnd Alþingis**  
**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík**

**Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ - hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002, 265. mál.**

**Afstaða MRSÍ er eftirfarandi:**

**Um 1. gr.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands telur, að 1. mgr. 5. gr. laganna sé fullnægjandi eins og hún er. Þegar er gert ráð fyrir **heimild** til fjölskipunar dóms þegar niðurstaða máls kann að velta á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Ætti að vera óþarft að kveða á um **skyldu** í því efni enda yrði slík skipan mála væntanlega afar kostnaðarsöm í framkvæmd vegna smæðar margra dómstóla á landsbyggðinni. Er það mat MRSÍ, að heppilegra væri að tryggja réttaröryggið í þessum tilvikum með því að rýmka áfrýjunarheimildir.

**Um 2. gr.**

Í 1. mgr. 2. gr. viðauka nr. 7 við Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62. 1994, er kveðið á um að hver sá sem dæmdur hefur verið fyrir afbrot skuli eiga rétt til að láta æðri dóm endurskoða sakfellinguna eða refsinguna.

Í 2. mgr. er kveðið á um hugsanlegar undantekningar frá þessari aðalreglu en þar segir: *“Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur og honum gerð refsing eftir áfrýjun á sýknudómi.”*

Það er mat undirritaðrar, að líklega hafi verið of langt gengið í að heimila undantekningar frá meginreglunni um áfrýjunarrétt sakbornings í svonefndum minni háttar málum, sbr. 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991. Slík mál kunna að vera meiriháttar í augum sakbornings, sem telur sig saklausan, þótt þau teljist minniháttar á mælikvarða málaheildarinnar. Því væri æskilegt að virða rétt manna til áfrýjunar til æðri dóms, jafnvel þótt brot megi teljast minni háttar, hvarvetna þar sem svo háttar sem segir í 1. mgr. 5. gr. laganna – þ.e. að niðurstaða máls velti á mati sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi.

Virðingarfyllst,  
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Reykjavík, 22. mars 2002,

Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.